

Mál nr. 311/2010

M og

Vátryggingafélagið V v. slysaftryggingar launþega

Ekið á kyrrstæða bifreið við Lágmúla og farþegi í bifreiðinni varð fyrir tjóni þ. 17.12.2007.

Gögn.

1. Málskot mótttekið þ. 7.10.2010 ásamt fylgiskjölum 1-11
2. Bréf V dags. 20.10.2010.

Málsatvik.

M var farþegi í bifreið sem ekið var aftan á þ.17.12.2007. M gerir kröfu til að hún fái bætur vegna þess tjóns sem hún hlaut í umrætt sinn úr slysaftryggingu launþega. Af hálfu M er því haldið fram að hún hafi fyrst vitneskju um að hún hefði orðið fyrir varanlegu líkamstjóni þegar matsgerð lá fyrir þ. 18.12.2009. Lögmaður M skrifaði síðan bréf til V þ. 12.1.2010 og krafðist bóta.

V hafnar bótaskyldu á grundvelli 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004. V heldur því fram að M hljóti að hafa haft vitneskju um það tjón sem bótakrafan byggir á þegar hún gaf lögmanni umboð þ. 19.9.2008. Þá bendir V á að M hafi fundið fyrir einkennum frá hálsi og baki allt frá slysdegi sbr. matsgerð dags. 18.12.2009. Þá heldur V því fram að öll gögn málsins bendi til þess að V hafi gert sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins þegar hún leitaði aðstoðar lögmanns þ. 19.9.2008.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi mátt gera sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins þ.17.12.2007 þegar hún gaf lögmanni sínum umboð þ.19.9.2008. Þar sem tilkynning um tjónið barst ekki til til V fyrr en þ. 12.1.2010 var liðinn sá frestur sem kveðið er á um í 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004. M á því ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu launþega hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 16.11. 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.